

Stefna Sambands íslenskra kristniboðfélaga (Kristniboðssambandsins) í þróunarsamvinnu (2015)

Samband íslenskra kristniboðsfélaga (Kristniboðssambandið) byggir starf sitt á boðskap Biblíunnar um kærleika Guðs til allra manna. Kristniboðssambandið vinnur að heildstæðri nálgun sem felur í sér boðunarstarf, díakóníu (kærleikspjónustu) og þróunarsamvinnu. Frá upphafi hefur sú nálgun einkennt allt starf Kristniboðssambandsins í þróunarlöndunum.

NOKKUR DÆMI UM VERKEFNI Í ÞRÓUNARSAMVINNU SEM KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ HEFUR STAÐIÐ AÐ, ALFARIÐ EÐA Í SAMSTARFI VIÐ ÖNNUR HJÁLPARSAMTÖK

Suður-Eþíópía

- Bygging og rekstur sjúkraskýlis í Konsó þar til ríkið yfirtók þá starfsemi
- Bygging og rekstur annarra sjúkrastöðva
- Fæðingarhjálp og þjálfun yfirsetukvenna
- Ungbarna- og mæðraeftirlit
- Bólusetning ungbarna, áberandi minni ungbarnadauði í Woitodalnum í kjölfarið
- Verndun vatnsbóla og brunnagerð til að útvega hreint vatn
- Kennsla um hreinlæti og fjölbreytni í næringu
- Af götu í skóla, verkefni meðal götubarna í Addis Abeba
- Lestrarkennsla á eigin tungumáli, einkum meðal ómenntaðra kvenna bæði í Konsó og Ómo Rate

Pókothérað í Keníu

- Barátta gegn umskurði stúlkna með fræðslu um hættu og skaðsemi aðgerðanna
- Fyrirbyggjandi fræðsla um heilsugæslu og mikilvægi fjölbreytts mataræðis, árangurinn kom m. a. í ljós í viðbrögðum mæðra í mislingafaraldri í lok 9. áratugarins
- Fræðsla og sýnikennsla um bættu landbúnaðarhætti
- Bygging 10 grunnskóla
- Bygging 5 framhaldsskóla, þar af eins stúlknskóla
- Bygging kennaraskóla, útibú frá Nairobi University
- Bygging 8 heimavista við þessa skóla, þar af 6 fyrir stúlkur
- Lestrarkennsla á eigin tungumáli, einkum meðal ómenntaðra kvenna
- Vatnsbrunnar (handgrafið og borað) og vatnsveituverkefni
- Skólastyrki til grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólanema

Stefnumörkun Kristniboðssambandsins í þróunarsamvinnu

Eftirfarandi stefnumörkun á við um allt þróunarstarf og mannúðarstarf sem fjármagnað er af Kristniboðssambandinu eða í gegnum það.

MARKMIÐ: Að stuðla að bættum lífskjörum fólks.

STEFNA: Kristniboðssambandið vill vinna að framförum á grunni jafnréttis og lýðræðis þar sem fólk tekur þátt í að móta eigið samfélag.

Markhópar

Kristniboðssambandið vill bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti, einkum kvenna, barna og frumbyggja. Þróunarstarf Kristniboðssambandsins er unnið á sama svæði og annað starf þess. Fjárstyrki skal nota til að byggja upp sjálfbært samfélag.

Samstarf og eignarhald

Þróunarsamvinna Kristniboðssambandsins miðar að því að hjálpa til við að draga úr fátækt. Kristniboðssambandið vinnur með yfirvöldum, félagasamtökum og kirkjum á hverjum stað. Eignarhald og ábyrgð á þróunarverkefnum er hjá heimamönnum sem gegna lykilhlutverki í

Þróunarferlinu vegna þekkingar sinnar á samfélaginu. Þeir geta haft frumkvæði, undirbúið, skipulagt og komið af stað þróunarverkefnum. Hlutverk Kristniboðssambandsins felst í ráðgjöf og fjárhagslegum stuðningi við verkefni.

Samskipti og eftirfylgd

Í starfi sínu vill Kristniboðssambandið eiga góð samskipti og koma á langtímasamböndum. Framfarir, sem bæta lífskjör fólks, verða ekki nema með traustum og góðum samböndum við heimamenn. Þróunarverkefni ber að vinna þannig að heimamenn verði færir um að annast það sjálfir og miðla því áfram. Þekkingin á að verða eftir á staðnum þegar verkefninu lýkur og framfarirnar að halda áfram. Þess vegna verður að byggja á mannauði, tækni, þekkingu, reynslu, ósk og frumkvæði heimamanna svo og náttúrugæðum og umhverfi. Markmið þróunarsamvinnu er að koma af stað ferli sem opnar augu fólks fyrir tækifærum í eigin samfélagi. Ytri hjálp getur veitt þekkingu, fjármagn og tækni sem aðlaga þarf styrkleika hvers samfélags fyrir sig.

Starfssvið

HEILSUGÆSLA

Yfirvöld bera ábyrgð á heilsugæslu í landi sínu. Kristniboðssambandið vill hjálpa þeim að byggja upp og reka heilsugæslu með ríkisstuðningi og framlögum heimamanna en einnig efla meðvitund yfirvalda um réttindi almennings.

Áhersluatriði

Vinna að bættri faglegri þekkingu yfirvalda og heilbrigðisstétta.

Vinna að bættu viðhorfi og betri verkferlum í starfi heilsugæslunnar.

Vinna að bættum forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum.

Vinna að bættu stjórnkerfi til að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og tækifæra.

MENNTUN

Yfirvöld bera ábyrgð á menntun í landi sínu. Mikilvægt er að allir fái tækifæri til að ganga í skóla. Kristniboðssambandið styður yfirvöld í þróun menntamála og gerir þau og almenning meðvituð um réttindi fólks til að mennta sig.

Áhersluatriði

Styrkja faglega hæfni yfirvalda og starfsfólks menntastofnana.

Gera kennara hæfari í lestrarkennslu fullorðinna.

Veita fjárfyrirbætur til skólabygginga þar sem hið opinbera og/eða heimamenn leggur/leggja af mörkum vinnu og fjármuni og reka skólana.

Stuðla að því að fátækir nemendur geti lokið námi í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.

JAFNRÉTTI KYNJANNA

Kristniboðssambandið leggur áherslu á jöfn tækifæri kynjanna í verkefnum tengdum þróunarsamvinnu. Sérstaklega skal hugað að stöðu kvenna og stúlkna í samfélaginu. Verkefni stuðli að öryggi stúlkna og ungra kvenna.

NOTKUN NÁTTÚRUAUÐLINDA

Öll atvinnuuppbygging stuðli að því að vinna gegn fátækt og tryggja sem jafnasta skiptingu auðlinda. Öll vinnsla taki mið af aðstæðum samfélagsins og auðlindir séu nýttar þannig að þær séu endurnýjanlegar eða skaði umhverfið sem minnst.

Áhersla skal lögð á verndun umhverfis, unnið gegn eyðingu skóga og hvatt til landgræðslu þar sem land er illa farið.

HEILDSTÆÐ VERKEFNI

Verkefni í þróunarsamvinnu ná stundum yfir fleiri en eitt svið (t. d. bæði heilsugæslu og menntun). Oft er það eðlilegasta leiðin og sú sem skilar bestum árangri.

NEYÐARHJÁLP

Markmið mannúðarstarfs er - að því leyti sem unnt er - að koma í veg fyrir að grípa þurfi til neyðarhjálpar. Öll samfélög ættu þó að eiga tiltæka viðbragðsáætlun að styðjast við þegar hörmungar dynja yfir. Slík áætlun þarf að vera í stöðugri endurskoðun.

Neyðaraðstoð á að vera eins skammvinn og unnt er og framkvæmd þannig að þiggjendur verði ekki háðir henni um ókomin ár. Hún má ekki koma í veg fyrir áframhaldandi framfarir eða þróunarsamvinnu.

Kristniboðssambandið lítur ekki á sig sem neyðarhjálparsamtök en vill frekar styðja aðra sem veita neyðaraðstoð. Að lokinni neyðaraðstoð er uppbygging samfélagsins mikilvæg svo það geti sem fyrst staðið á eigin fótum þrátt fyrir afleiðingar hamfara. Kristniboðssambandið vill hvorki að fólki sé mismunað í hjálparstarfi og þróunarsamvinnu né að slík verkefni séu notuð til að laða fólk til fylgis við starf Kristniboðssambandsins eða samstarfsaðila þess.

Framkvæmd og stjórnun verkefna

VERKEFNALÝSINGAR OG SAMNINGAR

Í undirbúningi verkefna er mikilvægt að allir sem málið snertir séu þátttakendur, ekki síst heimamenn. Verkefnalýsing lýsi aðferðum og ferlum sem nýttir verða til að ná markmiðum þróunarsamvinnunnar. Í lítt þróuðum samfélögum getur Kristniboðssambandið þurft að veita slíku starfi forystu að einhverju leyti.

Heimamenn, samstarfsnefnd og Kristniboðssambandið samþykki áætlanir hvers verkefnis. Umsóknir um stuðning verði metnar í ljósi stefnunnar um þróunarsamvinnu, stefnumörkun hvers starfssvæðis og í ljósi getu Kristniboðssambandsins. Falli verkefni undir ramma Utanríkisráðuneytisins verði reynt að sækja um fjármögnun þar. Annars verði leitað eftir stuðningi annars staðar eða eftir til söfnunar.

Samningur, sem kveði á um ábyrgð á framkvæmd verkefnis og fjármálastjórnun, verði gerður við þá sem sjá um framkvæmdina og sé hluti af undirbúningsvinnunni.

Öll verkefni lúti stjórn sem ber ábyrgð á að framkvæmd og verkferlum sé fylgt í verkefninu frá upphafi til enda.

SKÝRSLUR OG MAT

Skýrslugerð skal vera í samræmi við samþykktar verkferla. Framkvæmd verkefnis sé í stöðugri endurskoðun í ljósi markmiða þess. Heimamenn séu þátttakendur í mati á framvindu verkefnis. Breytingar skulu samþykktar af þeim sem málið varðar.

NOTKUN FJÁRMUNA

Við meðferð fjármuna er lögð mikil áhersla á að koma í veg fyrir misnotkun og spillingu. Fylgt skal viðteknum reglum í þróunarsamvinnu, bæði um framkvæmd og eins ef grunur vaknar um spillingu eða ætla má að meðferð fjármuna hafi verið vafasöm.

FÆRNI

Þróunarsamvinna krefst færni allra sem taka ákvarðanir og eru hluti verkefnis.

Kristniboðssambandið leggur áherslu á fagleg vinnubrögð á öllum sviðum þróunarsamvinnu og vill að þau séu viðurkennd og eflað.

KYNNING

Kristniboðssambandið telur mikilvægt að koma á framfæri upplýsingum um allt starf þess.

Fagleg vinnubrögð eru góð kynning á starfi þess. Allar fréttir, skýrslur og upplýsingar, bæði í orðum og á myndmáli, skulu endurspeglar virðingu, jafnrétti og kærleika til náungans.

Þessi stefna tekur mið af stefnu samstarfssamtaka SÍK, Norsk Luthersk Misjonssamband (NLM) í Noregi. Samþykkt af stjórn SÍK í ágúst 2015.